



# Virgni og þátttaka

---

*Þróunarverkefni til að auka áhrif nemenda á eigið nám og umhverfi*

*Lokaskýrsla til Sprotasjóðs*



Pelamerkurskóla mars 2012

*Ingileif Ástvaldsdóttir*  
*skólastjóri*

## **Skóli**

Þelamerkurskóli

## **Verkefni**

Virgni og þátttaka, nemendalýðræði í Þelamerkurskóla

## **Tímabil**

Skólaárið 2011-2012

### **Kveikja verkefnis**

Á skólaárinu 2009-2010 var stofnað mótuneytisráð og vallarráð við Þelamerkurskóla. Í ráðunum sitja fulltrúar nemenda, einn nemandi úr hverjum námshópi en í Þelamerkurskóla eru þeir fimm. Tilgangurinn með stofnun ráðanna var að búa til farveg fyrir umræðu um málefni mótuneytisins og boltavallanna og þar með að auka þátttöku og ábyrgð nemenda á eigin umhverfi. Markmiðið var að nemendur gætu séð að uppbyggileg umræða getur leitt til jákvæðra breytinga.

Í endurrýni á því verkefni í apríl 2010 kom fram áhugi hjá kennurum á að þróa verkefnið til þess að auka ábyrgð nemenda á skipulagi eigin náms og á þeim grundvelli var sótt um styrk í Sprotasjóð vorið 2010.

### **Markmið verkefnisins**

Að auka ábyrgð nemenda á eigin námi og umhverfi

### **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðinu**

Í upphafi skólaársins var verkefnið kynnt starfsmönnum og skipaður stýrihópur um verkefnið. Í framhaldi af því var haft samband við dr. Ingvar Sigurgeirsson hjá menntavísindasviði HÍ til að starfa með kennarahópnum að verkefninu. Skólastjóri sem einnig var verkefnisstjóri fundaði með ráðgjafanum í síma og einnig á fundi á skrifstofu Ingvars við HÍ ásamt því að vera í tölvupóstsambandi við hann.

Í framhaldi af fundi með Ingvari var ákveðið að hver kennari myndi útfæra umbótaverkefni sem tengdist aukinni ábyrgð nemenda á eigin námi. Markmiðið var að prófa áhugaverða aðferð eða skipulag með markvissum hætti í því skyni að hægt væri að draga af því einhvern lærdóm. Kennurum var ætlað að halda gögnum um verkefnið til haga og leggja mat á verkefnið. Í lokin skiluðu kennarar stuttri skýrslu, bæði skriflega og munnlega á innanhúspingi skólans, *Brot af því besta*, á starfsdögum í maí og júní 2011.

Á innanhúspingi skólans *Brot af því besta*, kynnti hver kennari eða kennarateymi eitt verkefni þar sem nemendur höfðu fengið að skipuleggja eigið nám; allt frá verkefnum tengdu áhugasviði nemenda til þess að nemendur völdu sjálfir hvernig þeir skiluðu ákveðnum verkefnum.

### **Helstu hindranir sem komu upp vinnu verkefnisins**

Helsta hindrunin við vinnslu verkefnisins var að kennarar eru komnir misjafnlega langt í þeirri hugsun að gefa nemendum tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám og því misjafnt hversu langt hver kennari treysti sér til að fara.

### **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið**

Helsti ávinningurinn er að nú hafa kennarar leitt hugann að því og framkvæmt verkefni þar sem nemendum er ætlað að koma meira en áður að skipulagi og ábyrgð eigin náms. Af því má ætla að þeir verði betur en ella, undir það búnir að innleiða þau atriði sem tilheyra grunnþættinum *lýðræði og mannréttindi* í nýrri aðalnámskrá.

Áætlun Þelamerkurskóla virkjun nemendalýðræðis hefur verið skráð. Sjá meðfylgjandi.

### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn og niðurstöður þess**

Það er mat starfsfólks skólans að verkefnið hefur þegar haft áhrif á skólastarfið í heild sinni. Skólaárið 2010-2011 var annað árið sem verkefnið var unnið í skólanum. Skólaárið 200-2012 var kennurum falið að vinna tvö umbótaverkefni sem miðuðu að meiri virkni og þátttöku nemenda en áður.

Áskorun kennara, stjórnenda og annarra við skólann er að halda áfram að finna verkefni og viðburði þar sem gert er ráð fyrir þátttöku nemenda í skipulagi og framkvæmd.

### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Verkefnið og afrakstur þess er kynntur á heimasíðu Þelamerkurskóla <http://thelamork.is> og einnig fyrir samstarfskólum hans við Eyjafjörð.

Svandís Svavarsdóttir, starfandi mennta- og menningarmálaráðherra fékk kynningu á verkefninu þegar hún heimsótti Hörgársveit 28. október 2011.

Skólastjóri segir frá verkefninu þegar hann heldur námskeið um bekkjarfundi í öðrum skólum.

*Þelamerkurskóla, Laugalandi 16. mars 2012*

Ingileif Ástvaldsdóttir  
Skólastjóri og verkefnisstjóri Virkni og þátttöku

# Áætlun Þelamerkurskóla í nemendalýðræði

---

Við skipulag skólastarfs Þelamerkurskóla er það stefna skólans að nemendur geti á skilvirkan hátt haft áhrif á eigið umhverfi og nám. Til þess að svo megi verða eru málefni sett á dagskrá bekkjarfunda eða til umfjöllunar í sérstökum ráðum og nefndum innan skólans sem funda reglulega um sérhæfð málefni. Einnig fá nemendur kynningu á niðurstöðum kannana um starf skólans.

Á þennan hátt stuðlar skólinn að jákvæðum skólabrag ásamt því að gefa nemendum tækifæri til að auka skilning sinn á lýðræðislegum vinnubrögðum og stjórnarháttum.

## 1. Áhrif á umhverfi

### Bekkjargundir:

Í Þelamerkurskóla er litið svo á að bekkjargundir hvers námshóps séu grasrót skólasamfélagsins. Bekkjargundir eiga fastan tíma í stundaskrá hvers námshóps og kennari stýrir fundunum. Á þeim ræða nemendur þau málefni sem skipta þá máli hverju sinni. Þar fá nemendur þjálfun í að ræða og leysa mál með því að nota skrefin fimm:

1. Lýsa, segja frá málinu/vandanum.
2. Mat lagt á aðstæður.
3. Lausnin skipulögð.
4. Lausnin sett í gang. Allir leggja sitt af mörkum.
5. Mat lagt á hvernig til hafi tekist.

### Nefndir og ráð:

Við skólann starfa nokkur ráð og nefndir sem nemendur eiga fulltrúa í:

- Nemendaráð
- Vallaráð
- Mötuneytisráð
- Íþróttaráð
- Stýrihópur Grænfánaverkefnisins
- Skólaráð og stýrihópur Olweusverkefnisins

Nemendaráð: Einn af umsjónarkennurum elsta stigs hefur umsjón með nemendaráði og fær greitt fyrir það úr launapotti. Ábyrgð hans er að vinna með nemendaráði að áætlunum um félagsstarf elsta námshóps. Lögð er áhersla á að námshópar vandi undirbúning skemmtana á vegum skólans. Fundir með nemendaráði eru haldnir ekki sjaldnar er tvisvar í mánuði. Það er

skipað fjórum nemendum úr 8.- 10. bekk og kosið til eins árs í senn. Tveir fulltrúar úr nemendaráði eru aðalfulltrúar nemenda í skólaráði. Hinir tveir eru varamenn þeirra.

Skólaráð: Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði Þelamerkurskóla. Skólaráð er jafnframt verkefnisstjórn Olweusverkefnisins. Að öðru leyti starfar það samkvæmt lögum um grunnskóla 91/2008. Fulltrúar nemenda eru tveir nemendur úr nemendaráði skólans.

Mötuneytiráð: Skólastjóri hefur umsjón með mötuneytiráði. Það er ráðgefandi fyrir skólastjóra og matráð í málefnum mötuneytisins. Mötuneytiráð fundar einu sinni í mánuði með skólastjóra og matráði. Á fundinum er farið yfir matseðil liðins mánaðar og tillögu matráðs að matseðli næsta mánaðar. Þar eru einnig tekin til umfjöllunar önnur mál sem snerta málefni mötuneytisins. Ráðið er skipað fimm nemendum, einum úr hverjum námshópi og kosið er til eins árs í senn.

Vallaráð: Aðstoðarskólastjóri hefur umsjón með vallaráði. Það er ráðgefandi í málefnum leikvallar, sparkvallar og körfuboltavallar. Ráðið er skipað fimm fulltrúum nemenda, einum úr hverjum námshópi og kosið er til eins árs í senn. Vallaráð fundar a.m.k. fjórum sinnum á skólaárinu. Í upphafi skólaársins til að skipta tímanum á sparkvellingnum á milli námshópa, um miðjan vetur til að fara yfir skiptinguna og í lok skólaárs til að skrá hvort þörf er á breytingum fyrir næsta skólaár. Vallaráð er einnig kallað saman ef leysa þarf mál eða ræða málefni sem snerta vellina á lóð skólans.

Íþróttaráð: Íþróttakennari skólans hefur umsjón með íþróttaráði. Það er kennurum og stjórnendum til ráðgjafar og aðstoðar við skipulag og framkvæmd á íþróttaviðburðum og útivistardögum skólans. Það fundar eftir þörfum, tímanlega fyrir íþróttaviðburði og útivistardaga. Íþróttaráð er skipað þremur fulltrúum af elsta stigi skólans og er kosið til eins árs í senn.

Umhverfisnefnd: Verkefnisstjóri Grænfánaverkefnisins hefur umsjón með umhverfisnefndinni. Hún er skipuð einum nemanda úr hverjum námshópi og kosið er til eins árs í senn. Umhverfisnefndin í heild sinni á einnig aðild að verkefnisstjórn Grænfánaverkefnisins og aðstoðar við innleiðingu og viðhald á umhverfisstefnu skólans.

## **2. Kosningar:**

Umsjónarkennari hvers námshóps sér um að kosið sé í ráð og nefndir á hverju hausti. Fyrir kosningu kynnir umsjónarkennari fyrir nemendum ráðin og nefndirnar ásamt verkefnum þeirra og hlutverkum fulltrúanna. Kosningarnar fara þannig fram hjá yngsta stigi og miðstigi að óskað er eftir framboðum og ef fleiri en einn býður sig fram, draga frambjóðendur spil úr spilastokki og sá verður fulltrúi námshópsins sem fær hæsta spilið og sá verður varamaður hans sem fær það lægsta.

Hjá elstu nemendum fara fram leynilegar kosningar eftir að nemendur hafa boðið sig fram. Kosið skal í eina nefnd eða ráð í einu og sér umsjónarkennari um kosninguna.

### **3. Áhrif á eigið nám**

Kennarar og iðjubjálfi skólans skulu kappkosta að gefa nemendum færi á að hafa áhrif á námsframvindu sína, námsumhverfi og námsmat.

Það skal gert:

- í viðtölum við upphaf og lok hvernar annar
- þannig að nemendur hafi val á milli verkefna eða val um í hvaða röð þeir vinna verkefni sín
- nemendur geti valið um á hvaða formi þeir skila verkefnum og ritgerðum
- nemendur geta valið hvernig þeir útfæra viðfangsefni námsins
- með því að gert er ráð fyrir sjálfsmati á verkefnum og ritgerðum

Við námsáætlanagerð gera kennarar grein fyrir því í sérstökum dálki hvernig þeir gera ráð fyrir að nemendur hafi áhrif á eigið nám.

### **4. Kynning á niðurstöðum kannana**

Þelamerkurskóli vinnur samkvæmt áætlun Olweusar gegn einelti. Samkvæmt þeirri áætlun er lögð spurningakönnun fyrir nemendur á hverju ári. Niðurstöður könnunarinnar skulu ávallt kynntar fyrir nemendum og þeim gefinn kostur á umræðum og að koma með tillögur að því hvernig brugðist skuli við niðurstöðum.

Hið sama gildir um aðrar kannanir sem gerðar eru á starfi skólans.

# Dæmi um verkefni

---



## - Virkni og þátttaka -

### *Ábyrgð nemenda á eigin námi*

Samstarfs- og þróunarverkefni kennara í  
Pelamerkurskóla skólaárið 2010-2011

**Heiti verkefnisins:** Kjörbók matreidd á ýmsa vegu

**Þátttakendur:** Nemendur í 7. – 8. bekk

**Skilgreining / afmörkun:** Verkefnið var unnið í íslenskutímum og reyndi á lestur, ritun og framsögn. Einnig frumkvæði og eigin ábyrgð.

**Meginmarkmið:**

- Að nemendur lesi sér til ánægju en einnig með gagnrýnu hugarfari (myndi sér skoðun á því sem þeir lesa).
- Að nemendur fjalli um söguþráð og greini frá rökstuddu eigin áliti á lesnu efni.
- Að nemendur þjálfist í að koma fram og svara spurningum frá samnemendum og kennurum.
- Að nemendur sýni frumkvæði og ábyrgð á eigin námi og komi að skipulagningu þess.

**Útfærsla:** Sjá samantekt í skýrslu.

**Mat:** Sjá samantekt í skýrslu.



## Skýrsla


Kennarar lögðu kjörbókarverkefni fyrir 7. – 8. bekk og áttu nemendur að vinna að tveimur markmiðum en þeir réðu hvaða leiðir þeir fóru að því að ná markmiðunum. Í fyrstu söfnum við saman hugmyndum sem nemendur höfðu að útfærslum á verkefninu og skráðum á töflu. Við vorum undirbúnaðar því að þurfa að vinsa úr það sem ekki væri framkvæmanlegt en ekki var þörf á því. Að því loknu valdi hver og einn nemandi eina hugmynd af þeim sem voru komnar fram og tími var gefinn til að útfæra hana nánar.

Í sumum tilfellum ákváðu nemendur að hjálpast að þó voru þeir nemendur ekki endilega að vinna með sömu kjörbókina. Allir nemendur náðu markmiðum sem kennarar settu í upphafi.

Hvernig gekk? Námsviljinn var til staðar hjá langflestum ef ekki öllum. Starfsgleði einkenndi vinnu margra, sérstaklega hjá þeim sem fóru óhefðbundnar leiðir. Sumir voru frekar hægir í gang og svolítið óöruggir, það skrifast líklega á það að þeir eru ekki mjög vanir þessum vinnubrögðum. Gaman væri að prófa þetta aftur og gá hvort nemendur væru öruggari með sig og fljótari að fá hugmyndir.



## - Virkni og þátttaka - *Ábyrgð nemenda á eigin námi*



### Samstarfs- og þróunarverkefni kennara í Pelamerkurskóla skólaárið 2011-2012

**Heiti verkefnis:** Besti bíllinn

**Kennarar og nemendahópur:** 9. – 10. bekkur, Halla Björk og Logi

**Meginmarkmið verkefnisins:**

- að nemendur auki ábyrgð á eigin námi með því að skipuleggja verkefni og finna út hvaða leiðir er hægt að fara til að ná settum markmiðum.
- að nemendur þjálfist í hópvinnu
- að nemendur kynni verkefni fyrir foreldrum (tengt námsmöppu)
- að nemendur noti hugmyndaflug og sköpunargleði til þrautalausna
- að nemendur sýni frumkvæði í vinnubrögðum
- að nemendur læri um ýmis lögmál eðlisfræðinnar í gegnum verklegar æfingar.

**Verkefnalýsing:** Nemendum var skipt í tveggja til þriggja manna hópa og þeim sagt að þeir hafi fengið það verkefni að búa til bíl sem á að komast frá punkti A til B á sem skemmstum tíma. Efniviður er pappi, límband, límbýssa, dekk, blöðrur, sogrör og grillpinnar.

Kennari tók saman hugmyndir nemenda og skráði á töflu. Að því loknu hófust nemendur handa. Þeir héldu skýrslu um verkefnið, í öllu ferlinu máttu þeir aðeins prófa eina breytu í senn og áttu að skrá hvaða áhrif hún hafði á bílinn. Hlutverk kennara var að spyrja leiðandi spurninga (ekki segja þeim svörin) til að fá nemendur til að nota gagnrýna hugsun og finna lausnir. Einnig var ýmsum hugtökum úr eðlisfræðinni lætt inn.

Verkefnið stóð yfir í 8 kennslustundir.

**Mat:** Skapandi nám í líkingu við verkefnið Besti bíllinn örvar sköpunarhæfileika nemenda; þeir þurfa að hanna og búa til hluti. Í leiðinni þurfa þeir að leysa ýmis vandamál/spurningar í vísindum (aðallega eðlisfræði og stærðfræði).

Nemendur þurfa að hugsa í lausnum, hanna, skapa og fá hlutinn sem þeir hanna til að virka. Þetta vakti gríðarlegan áhuga nemenda sem voru mjög virkir, sérstaklega var eftirtektarvert hve áhugasamir nemendur voru sem hafa átt erfitt með að tileinka sér bóklega námið og verið áhugalitlir um það.

Með þessu kennsluverkefni er nemandinn meiri þátttakandi en í bóklegri kennslu og hann lærir í gegnum reynsluna. Nemendur þurfa að takast á við praktísk vandamál/verkefni sem þeir þurfa að leysa með eigin uppgötvunum, hugsun og tilraunum. Í ferlinu læra þeir svo að nota ýmis verkfæri, þeir þjálfast í að skipuleggja tíma sinn og að vinna með öðrum.

Nemendur fá mikið út úr því að sjá þeirra eigin hugmyndir verða að veruleika og verður það þeim hvatning til að þæla í hlutum/verkefninu þó að kennslustundinni sé lokið. Síðast en ekki síst þá höfðu nemendur mjög gaman af verkefninu.

## **BESTI BÍLLINN!**

Á meðan vinnuferlinu stendur haldið þið skýrslu um verkefnið. Skráið ávallt dagsetningar, hvað var gert í tímanum og hvaða áhrif það hafði.

Gefið bílnum nafn. Hvert lið fær fimm tilraunir á rampinum og má gera eina breytingu á milli tilrauna. Munið að skrá hvaða áhrif breytingin hafði.

Verkefnið er metið til einkunnar og byggir einkunn á:

- samvinnu í hópnum
- frumkvæði
- vinnusemi
- skýrslu

Dags. 28. nóv 2011

Nöfn: \_\_\_\_\_

---

---

---

---

---

Dags. 1. des 2011

---

---

---

---

---

Dags. 5. des 2011

---

---

---

---

Dags. 8. des 2011

---

---

---

## Fermingin, verkefni í dönsku.

Þið eigið að lýsa fermingarveislu á eftirfarandi hátt:

Þið eigið að búa til orðablóm með 20 orðum sem tengjast fermingu á dönsku.

Þið eigið að gera boðskort þar sem fram koma allar helstu upplýsingar.

Þið eigið að gera matseðil veislunnar.

Þið eigið að finna eina danska uppskrift af einhverju gómsætu.

Þið eigið að lýsa fötunum sem þið ætlið að vera í á fermingardaginn og daginn eftir.

Þið eigið að segja frá hvað þið ætlið að gera daginn eftir.

Þið eigið að semja ræðu sem þið haldið í veislunni (sjá 41)

Þið eigið að útbúa óskalista yfir fermingagjafir.

Þið eigið að segja frá a.m.k. 3 gestum sem voru í veislunni.

Þið eigið að kynna verkefnið ykkar á dönsku fyrir bekknum.